

MINNISBLAÐ

Málefni Kársnesskóla/Rizzani m.t.t. trúnaðar

Til : Kópavogsbæjar

Frá : Landslög – lögfræðistofa, Jóhannes Karl Sveinsson

- (1) Í framhaldi af umfjöllun um málefni Kársnesskóla, og spurningum sem beint var til mín á fundi bæjarráðs sl. fimmtudag, var ég beðinn um að taka saman sjónarmið um æskilegan trúnað um gögn og upplýsingar um uppgjör kostnaðar við endurbyggingu skólans.
- (2) Kópavogsbær hefur í kjölfar riftunar verksamnings lagt í stórfelldan kostnað við að gera við galla á verki RdE, skipta um gallaða glugga, auk þess sem verulegur kostnaður hefur fallið til við að reka verkið í mun lengri tíma en upphaflegur samningur gerði ráð fyrir (fjögur ár í stað tveggja). Þá hefur óhagræði við verktakaskipti kostað mikið.
- (3) Ákveðið hefur verið að sækja bætur frá RdE og er markmiðið að endurheimta allan viðbótarkostnað. Undirbúningur þeirrar málsóknar stendur yfir en eins og ég greindi frá á fundinum þarf í þeirri vinnu að rekja af nákvæmni allar fjárhagsforsendur tjónsins og sýna fram á með sönnunargögnum. Auk þess þarf að leggja fyrir að ekki hafi verið ráðist í dýrari eða óhagkvæmari lausnir en verksamningur RdE miðar við.
- (4) Að mínu mati er eitt það mikilvægasta í málum af þessum toga að allar tölur séu vel staðreyndar og skilgreindar áður en lagt er af stað í málaferli. Það er mjög óæskilegt og ótrúverðugt ef mistök og villur koma í ljós á síðari stigum. Það veldur töfum á málsmeðferð og minnkar vinningslíkur í málum. Jafnvel getur slíkt orðið tilefni til frávísunar mála í heild sinni og fæst þá ekki efnisleg niðurstaða.¹

¹ Nýlegt dæmi um það er dómur Hæstaréttar frá 2. júlí sl. í máli Vinnslustöðvarinnar hf. gegn íslenska ríkinu þar sem öllum kröfum útgerðarfyrirtækisins á hendur íslenska ríkinu var vísað frá dómi vegna misræmis, breytinga á kröfum og ónógra sönnunargagna um tjón (sem Hæstiréttur hafði þó áður viðurkennt að hefði orðið).

- (5) Þegar stjórnvöld þurfa að gæta réttar síns í dómsmálum miða upplýsingalög við að jafnræði sé á milli stjórnvalda og annarra. Stjórnvöld þurfi því ekki að láta af hendi gögn sem útbúin eru vegna mögulegra málaferla. Ekki er því til dæmis skylt að láta af hendi upplýsingar um ráðgjöf sérfróðra aðila sem sérstaklega er aflað í þessu skyni. Undantekningin tekur til bréfaskipta um athugun á réttarstöðu og telja má að vinnugögn til undirbúnings kröfugerð falli sömuleiðis undir þessa undanþágu. Sambærilegar takmarkanir eru í gildi á Norðurlöndunum.
- (6) Þetta verkefni er flókið og staðan á því er þannig að Kópavogsbær þarf að leggja kröfugerð sína fyrir gerðardómi fram innan sex mánaða frá því að verkinu lauk. Meðferð talnaefnis sem tekur yfir langt tímabil getur líka verið sérlega vandmeðfarin því verksamningur og kostnaðaráætlanir miða við verðlag á einum tíma á meðan raunkostnaður og endanlegar uppgjörstölur miða við verðlag á öðrum tíma. Allt þetta þarf að stemma af og yfirfara að hver kostnaðarliður sé færður á réttan hátt og að samanburður sé byggður á réttum forsendum. Mjög auðvelt er að gera afdrifarík mistök ef ekki er gætt að öllu þessu.
- (7) Ég hef mælt með því að gætt verði trúnaðar um allar sundurliðanir og bráðabirgðagreiningar á kostnaði við endurbyggingu Kársnesskóla þar til lokið hefur verið við framangreinda vinnu. Ástæðan fyrir því er einföld: Ég tel að hagsmunum Kópavogsbæjar sé best borgið með því að ekki þurfi að glíma við málsvarnir sem byggja á því að tölur séu gerðar ótrúverðugar og vísað til annarra sem birst hafa eða ræddar eru í almennri umfjöllun um þróun verkefnisins. Þetta getur gerst ef bráðabirgðatölur eða ófullgerð uppgjör eru afhent áður en öll kurl eru komin til grafar.
- (8) Eftir að kröfugerðin hefur verið lögð fram í gerðardómsmálinu er ekki lengur nein þörf á slíkum trúnaði málsins vegna. Afstaða mín snýst alls ekki um að leyna neinu eða gefa ekki upplýsingar heldur að tryggja að upplýsingar séu réttar og gefi rétta mynd af þeim viðbótarkostnaði sem mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að endurheimta – og auka líkur á því að það takist.

Reykjavík, 3. febrúar 2025.

Landslög – lögfræðistofa

Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður